

**2020 nr. 65 22. júní****Lög um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð**

Tóku gildi 1. júlí 2020.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið.**

Markmið laga þessara er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnun-  
arumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

**■ 2. gr. Sérstakur sjóður.**

Starfrækja skal sérstakan sjóð, Kríu – sprota- og nýskö-  
punarsjóð, sem er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og heyrir  
stjórnarfarslega undir ráðherra.

Ráðherra er heimilt að fela þriðja aðila með samningi fag-  
lega umsýslu sjóðsins.

**■ 3. gr. Hlutverk.**

Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóði er heimilt að fjárfesta  
í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í  
sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og uppfylla skilyrði laga  
þessara og reglna settra á grundvelli þeirra. Að hámarki get-  
ur eignarhlutur sjóðsins numið 30% í viðkomandi sérhæfðum  
sjóði, eða 2 milljörðum kr.

**■ 4. gr. Stjórn.**

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Kríu – sprota- og  
nýsköpunarsjóðs til fjögurra ára í senn. Einn skal skipað-  
ur samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, annar samkvæmt  
tilnefningu þess ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og  
þrír án tilnefningar og skal einn þeirra skipaður formaður.  
Stjórnarmenn skulu hafa haldgóða þekkingu á fjárfestingar-  
starfsemi og/eða rekstri sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.

Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Kríu – sprota- og  
nýsköpunarsjóðs. Verkefni stjórnar eru m.a.:

1. gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra,
2. að hafa yfirumsjón með rekstri og umsýslu sjóðsins,
3. að auglýsa eftir umsóknum um þátttöku í sérhæfðum

sjóðum,

4. mat á umsóknum um þátttöku í sérhæfðum sjóðum,

5. ákvarðanir um þátttöku í sérhæfðum sjóðum og samn-  
ingagerð varðandi slíka þátttöku,

6. gerð ársreiknings og ársskýrslu um starfsemi og fjár-  
festingar sjóðsins til ráðherra,

7. ávöxtun eigin fjár.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Ákvarðanir stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs  
samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

**■ 5. gr. Rekstur.**

Ráðstöfunarfé Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs er:

1. framlag úr ríkissjóði sem veitt er á fjárlögum hverju  
sinni,

2. arður af fé sjóðsins,

3. aðrar tekjur.

Allur kostnaður af rekstri Kríu – sprota- og nýsköpunar-  
sjóðs greiðist af fé sjóðsins.

**■ 6. gr. Endurskoðun reikninga.**

Stjórn Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs skal láta semja  
ársreikning í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Rík-  
isendurskoðun annast árlega endurskoðun ársreiknings sjóðs-  
ins.

**■ 7. gr. Þagnarskylda.**

Stjórnarmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk sam-  
kvæmt lögum þessum eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla  
stjórnarsýslulaga.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum í tengslum við verk  
sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama  
hætti og þar greinir.

**■ 8. gr. Reglugerð.**

Ráðherra skal í reglugerð<sup>1)</sup> setja nánari ákvæði um fram-  
kvæmd laga þessara, m.a. um skilyrði fyrir fjárfestingum og  
hvernig staðið skuli að fjárfestingum að öðru leyti, undirbún-  
ing ákvarðana stjórnar, ávöxtun eigin fjár sem er ekki bund-  
ið í fjárfestingum og önnur atriði sem nauðsynleg eru til að  
sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr.

<sup>1)</sup> Rg. 255/2021. Rg. 1043/2021.**■ 9. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.